

Mál nr. 316/2017**M
og
V1 v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið vegna steinkasts frá annarri bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 25.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 18.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 8:35 að morgni 13. ágúst 2017 var A ekið í átt að Landeyjahöfn. Er henni var ekið á vegarkafli með nýlagðri olíumöl kvað ökumaður A að B hafi verið ekið fram úr A og ausið skæðadrífu af mól yfir framhlið, framrúðu og þak A. Nokkrar skemmdir („hvítar flögur“) hafi mátt sjá á vinstri hlið A, grilli, húddi og þaki auk þess sem framrúðan hafi verið með ummerki grjótkastsins.

Ökumaður B kvaðst minnst þess að hafa farið frá Hvolsvelli um kl. 8:30 umræddan morgun svo atvikið hljóti að hafa gerst nærri þeim slóðum. Hann kannaðist ekki við að hafa ekið ógætilega, né heldur að hættulegar aðstæður hafi skapast við aksturinn eða honum hafi verið gefið hljóðmerki. Hann varð þess heldur ekki var að B hafi rekist utan í aðra bifreið. Hann geti því ekki séð að hann beri ábyrgð á tjóni á A.

Þrír farþegar í A ásamt ökumanni hennar hafa undirritað sameiginlega yfirlýsingu, dags. 3. október 2017, þar sem segir m.a. að þau hafi verið á leið frá Reykjavík að Landeyjahöfn. Er þau nálgðust Landeyjahöfn við Hellu og Hvolsvöll hafi þau komið á vegarkafli með nýlagðri olíumöl og svo enn styttri vegarkafli um kl. 8:30. Ökumaðurinn hafi dregið úr hraða, en þá hafi hvítir sendibifreið, B, verið ekið fram úr A og við það hafi komið mikið grjótkast sem hafi lent á vinstri hlið A, framan á henni, á framrúðu og toppi hennar. Ökumaður B hafi ekið ótrauður áfram og svo hafi virst sem hann hafi ekki tekið eftir því sem gerðist. Er komið hafi verið að bifreiðastæðum við Landeyjahöfn hafi þau séð hvar verið var að leggja B en ekki náð að hafa tal af fólki sem var í bifreiðinni þar það hafi horfið í mannmegðina sem þarna hafi verið.

M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem varð á A annars vegar úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V1 og hins vegar úr ábyrgðartryggingu B hjá V2. Bæði félög, V1 og V2, hafa hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 4. gr. í kaskótryggingarskilmálum V1 eru tilgreindar tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til. Þannig segir m.a. í gr. 4.1 að félagið bæti „skemmdir á ökutækinu sjálfu, eða eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum, silsalistum og venjulegum útvörðum, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hrapi ökutækisins, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli.“ Enn fremur segir í gr. 4.5 í skilmálunum að félagið bæti brot á rúðum ökutækisins, en ekki teljist brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Samkvæmt þessu og ákvæðum vátryggingarskilmálanna að öðru leyti verður ekki séð að tjón sem varð á A umrætt sinn hafi orðið af völdum tjónsorsakar sem vátryggingin tekur til. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr kaskótryggingu A hjá V2.

Ökumaður B kannaðist við að hafa ekið frá Hvolsvelli um það leyti sem atvikið varð. Samkvæmt þessu og með vísan til framburða þriggja farþega í A, sbr. og Hrd. 1964 bls. 138, verður að telja nægilega sannað að steinar hafi kastast undan hjólum B og lent á A. Umrætt atvik verður því rakið til notkunar B í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga 50/1987. Hins vegar liggja engin gögn fyrir í

málinu um tjón á A sem á að hafa hlotist við steinkastið er B var ekið fram úr A. V2 hefur mótmælt bótaskyldu m.a. vegna skorts á sönnunargögnum um það tjón sem M kveður að hafi orðið á A umrætt sinn. Eins og málið liggur fyrir verður því að telja ósannað að tjón hafi orðið A sem fáist bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V1, né heldur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.